



## Félags háskólakennara

Félags háskólamenntaðra starfsmanna  
Háskóla Íslands og tengdra stofnana

### Skýrsla stjórnar Félags háskólakennara félags háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana starfsárið 2023 - 2024

Hlutverk félagsins er skilgreint í 2. grein laga þess og er eftirfarandi:

- að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna og fara með samningsumboð fyrir félagsmenn.
- að upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur.
- að stuðla að samvinnu og samstöðu meðal félagsmanna.
- að efla símenntun félagsmanna og stuðla að eflingu rannsókna.
- að vera í fyrirsvári fyrir félagsmenn gagnvart skyldum innlendum og erlendum félagasamtökum.

Stjórnin telur skýrsluna endurspegla þessi hlutverk félagsins.

#### **Fjöldi félagsmanna 1. október 2023, skipting eftir stofnunum og starfsheitum:**

HÍ	Fjöldi	Stöðugildi
<i>Dósentar</i>	128	112,0
<i>Lektorar</i>	160	119,9
<i>Stjórnarsýsla</i>	426	386,4
<i>Aðjúntar I og II</i>	200	109,5
<i>Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn</i>	47	40,9
<i>Nýdóttorar og rannsóknasérfræðingar</i>	114	95,0
<i>Meistara – og doktorsnemar</i>	272	228,9
<i>Rannsóknarmenn</i>	78	53,9
<b>HÍ alls</b>	<b>1.425</b>	<b>1146,5</b>
<b>Árnastofnun alls</b>	<b>52</b>	<b>46,8</b>
<b>Landsbókasafn alls</b>	<b>25</b>	<b>24,8</b>
<b>Keldur alls</b>	<b>8</b>	<b>7,5</b>
<b>Félags háskólakennara ALLS</b>	<b>1.510</b>	<b>1.225,6</b>

Samkvæmt skýrslu stjórnar frá starfsárinu 2022 - 2023 var fjöldi félagsmanna í október 2022 samtals 1.444 og því er fjölgun félagsmanna milli ára tæp 5%.

## **Stjórn**

Stjórn Félags háskóla kennara starfsárið 2023 - 2024 skipuðu eftirfarandi:

Baldvin Zarióh, formaður (deildarstjóri).

Jens Guðmundur Hjörleifsson, varaformaður (lektor).

Arngrímur Vídalín Stefánsson, meðstjórnandi (lektor).

Ármann Höskuldsson, meðstjórnandi (rannsóknaprófessor).

Íris Davíðsdóttir, ritari (rekstrarstjóri).

Íris Hrönn Guðjónsdóttir, gjaldkeri (innviðastjóri).

Jóna Margrét Ólafsdóttir, meðstjórnandi, (lektor).

Haukur Logi Karlsson, fulltrúi styrkþega, (rannsóknasérfræðingur).

## **Starfsmaður**

Fastráðinn starfsmaður félagsins er Helga Birna Ingimundardóttir, framkvæmdastjóri.

## **Skrifstofa**

Heimilisfang og aðsetur félagsins er Borgartún 27, 2. hæð.

## **Trúnaðarstörf**

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 23. maí 2023 var ákveðið að Jens Guðmundur Hjörleifsson yrði varaformaður félagsins, Íris Davíðsdóttir ritari og Íris Hrönn Guðjónsdóttir, gjaldkeri.

Fulltrúi félagsins á háskólaþingi var kosinn Arngrímur Vídalín og varamaður var kosinn Jens Guðmundur Hjörleifsson.

Á stjórnarfundi dags. 6. september 2023 var ákveðið að Jens Guðmundur Hjörleifsson verði aðalmaður í stjórn matskerfis og Jóna Margrét Ólafsdóttir varamaður.

Á stjórnarfundi þann 1. febrúar 2023 var Ármann Höskuldsson skipaður fulltrúi félagsins í Siðanefnd HÍ til þriggja ára, frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2025.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir prófessor var tilnefnd í ráð um málefni fatlaðra fyrir hönd Félags háskóla kennara og Félags prófessora við ríkisháskóla.

Skoðunarmenn reikninga eru Sigríður Jónsdóttir og Reynir Örn Jóhannsson.

Kjörnefnd var kosin á aðalfundi 2022 og hana skipa Sigríður Jónsdóttir, Sverrir Guðmundsson og Kristín Harðardóttir.

Trúnaðarmenn félagsins eru rúmlega 20 talsins. Mikilvægt er að félagið hafi tengiliði á öllum sviðum og stofnunum þar sem félagsmenn starfa.

**Félag háskóla kennara hvetur félagsmenn að kjósa trúnaðarmenn á sinni starfsstöð og mun veita þá aðstoð sem þarf.**

## **Starfsárið, störf stjórnar**

Alls hafa verið haldnir 12 formlegir stjórnarfundir á starfsárinu, auka vinnufundir stjórnar vegna kjaramála auk fjölda annara funda um afmörkuð málefni. Ýmis málefni hafa verið á borði stjórnar og gert er grein fyrir þeim helstu hér á eftir.

### **Kjaramál:**

Kjarasamningur félagsins var undirritaður 12. apríl 2023. Samningurinn var kynntur á fjölmennum Teams fundi meðal félagsmanna, föstudaginn 14. apríl sl. Atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn hófst sama dag og stóð til þriðjudagsins 18. apríl. Samningurinn var samþykktur með miklum meirihluta eða með 88,5% þeirra sem tóku þátt. Kjörsókn var 33,6%.

Gildistími kjarasamningsins er frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 eða einungis 12 mánuðir. Nýjar launatöflur tóku gildi þann 1. apríl 2023 og hækkuðu laun að meðaltali um 7,2%. Þá var samið um hækkanir á persónu- og orlofsuppbót á árinu ásamt verkáætlun sem verður unnið að á samningstímanum. Samkvæmt verkáætluninni verður unnið að betri vinnutíma í dagvinnu fyrir þá hópa sem ekki hafa enn notið styttingu vinnuvikunnar t.a.m. akademískt starfsfólk. Einnig verður unnið að endurskoðun veikindakafla kjarasamninga. Þá var samið um bókun í kjarasamningi er kveður á um að frekari greiningar á kostnaði akademísku starfsfólks vegna langskólamenntunar.

Félag háskólakennara gerði einnig bókanir í stofnanasamningi félagsins samhliða undirritun kjarasamnings, m.a. um endurskoðun starfsmatskerfisins SKREFs, um launamál doktorsnema og samgöngustyrki.

Samhliða kjarasamningsvinnunni var þann 23. mars sl. skrifað undir áfangasamkomulag vegna sk. 7. greinar um jöfnunar launa milli markaða en það samkomulag var gert í tengslum við breytingar á líffeyrissjóðakerfinu árið 2016. Samkomulagið þann 23. mars var á milli heildarsamtaka (BHM, BSRB og KÍ) við annarsvegar Fjármála- og efnahagsráðherra og hinsvegar við Samband íslenskra sveitafélaga. Í þessu samkomulagi var ákveðið að vinna í leiðréttingu á launum tiltekinna hópa innan tiltekinna stofnana hjá ríki og sveitarfélögum. Í Félagi háskólakennara féllu aðjunktur, lektorar og dósentar undir þetta samkomulag. Skrifað var undir niðurstöðu þann 13. desember sl. en það felur í sér eftirfarandi hækkanir:

- Starfsaldurshækkanir hjá aðjunktum II eftir eitt ár og þrjú ár
- Lágmarksröðun aðjunktta I, lektora og dósentta í launaflokk L09 (var L08)
- Fyrsta launaþrep kemur fyrir 20 stig (var 50 stig)

Þessar breytingar á röðun ásamt bókunum með stofnanasamningi sem gerðar voru í aðdraganda kjarasamningsins voru skrifaðar í endurskoðaðan heildarstofnanasamning félagsins og HÍ þann 20. desember 2023. Skrifaðar voru inn nýjar greinar vegna tímabundinna þóknana vegna vinnu við líffræðilega skaðvalda, lífsýni og/eða eiturefni. Sérstök bókun var gerð vegna Raunvísindastofnunar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Félags háskólakennara hefur unnið markvisst að kröfugerð og undirbúningi næstu kjaraviðræðna. Stjórn hefur haft tvo lengri vinnufundi og haldnir hafa verið fundir með trúnaðarmönnum. Öll gögn sem félagið býr yfir sýna að félagsfólk hefur dregist aftur úr í launum og óánægja með launakjör hefur aukist mikið á undanförunum árum. Ef fram fer sem horfir mun háskólinn og stofnanir þar sem félagsfólk starfa ekki vera samkeppnishæfar um starfsfólk.

Undirbúningur stjórnar fólst m.a. í því að leggja skoðanakönnun fyrir félagsfólk, á haustmánuðum 2023, annars vegar fyrir akademískt starfsfólk með áherslu á matskerfi opinberu háskólanna og hins vegar fyrir starfsfólk stjórnsýslu. Kjarakannanirnar voru unnar í samvinnu með Félagi prófessora við ríkisháskóla (FPR) og Félag háskólakennara á Akureyri (FHA). Í framhaldi af könnunum héldu félögin málþing föstudaginn 1. mars 2024 í Odda og í streymi, þar sem gerð var grein fyrir niðurstöðum kannana. Kaup, kjör og vellíðan var í brennidepli málþingsins. Góður rómur var gerður að þinginu og gera má ráð fyrir að um það bil 200 manns hafi tekið þátt í fundinum bæði á streymi og í sal.

Félögin héldu í framhaldi annað málþing þann 8. maí 2024 þar sem matskerfi opinberra háskóla var í forgrunni. Um 160 manns mættu á fundin í streymi og í sal.

Samninganefnd félagsins átti fund með Samninganefnd ríkisins þann 12. febrúar sl. Fundurinn var haldinn til að fylgja eftir verkáætlun í gildandi kjarasamningi. Félagið lagði ríka áherslu á hversu brýn þörf er á því að laga kjör félagsfólk og gera þau samkeppnishæf við sambærileg störf á opinbera markaðinum. Í því sambandi var einnig rætt um bókun 2 í kjarasamningnum vegna sérstakrar greiningar á kostnaði akademíks starfsfólks vegna langaskólamenntunar. Þá benti félagið einnig á þá staðreynd að ekki hefur fundist lausn á því með hvaða hætti eigi að stytta vinnuviku akademíks starfsfólks, sbr. verkáætlun með kjarasamningi.

Fulltrúar stjórnar Fh og FPR áttu fund með rektor þann 18. desember sl. vegna stöðu mála í mælingu kennslustunda til vinnustunda. Ákveðið var að félögin sendi yfirlýsingu um málefnið til rektors þar sem málið mun verða tekið fyrir háskólaráð. Yfirlýsingin var undirrituð 10. janúar sl. og er niðurlag hennar eftirfarandi: „*Framundan eru kjaraviðræður við ríki, en samningar félaganna eru lausir frá lokum mars 2024. Að mati stéttarfélaganna er það forsenda komandi kjaraviðræðna við ríkið að hægt verði að semja um sömu laun fyrir sömu vinnu. Á meðan mismunun á sér stað í útreikningum á kennslustundum og aðgangi kennara að aðstoðarkennurum eru slíkar forsendur ekki fyrir hendi. Jafnframt er samræming á útreikningum á tímafjölda fyrir kennslu forsenda þess að hægt verði að útfæra styttingu vinnuvikunnar fyrir þá hópa sem hingað til hafa ekki notið hennar. Félögin óska þess að fulltrúar háskólaráðs leggi fram tillögu þess efnis að innleiða sem fyrst samræmingu“.* Félag háskólakennara og Félag prófessora við ríkisháskóla var kallað á fund fjármálanefndar þann 22. apríl sl. þar sem þetta málefni var m.a. rætt.

Mikil samvinna hefur verið á milli félagsins, Félags prófessora við ríkisháskóla og Félags háskólakennara á Akureyri í aðdraganda kjarasamninga og félögin sammála um að taka höndum saman í yfirstandandi kjarasamningalotu. Vinnufundur samninganefnda félaganna var haldinn föstudaginn 5. apríl sl., þar sem unnið var að sameiginlegri kröfugerð. Meginstefið í kröfugerð félaganna eru launahækkanir, m.a. með leiðréttingum á launatöflum og lagfæringum í launasetningu félagsmanna.

Félögin Fh, FPR og FHA hafa átt í nánú samstarfi við tíu önnur aðildarfélög BHM í komandi kjarasamningsviðræðum. Ákveðið hefur verið að á vettvangi þessa borðs verði ræddar stóru línur væntanlegs kjarasamnings s.s. almennar launahækkanir, gildistími samnings og ýmis réttindamál. En félögin sjálf ræði sín sérmál og kröfur. Frá upphafi hefur því verið ljóst að þegar að nær dregur undirritunar kjarasamnings gæti kvarnast upp úr hópnum. Fh, FPR og FHA voru frá upphafi mjög skýr á því að sennilegast myndu þau fljótlega fara sér fram með sínar kröfur, vegna sérstöðu félaganna.

Fyrsti fundur BHM13 með Samninganefnd Ríkisins var haldinn þann 10. apríl 2024. Þá var fundur haldinn með BHM13 og SNR þann 30. apríl sl. Þar sem farið var yfir skipulagningu næstu funda og fundir haldnir um tiltekin mál 13. og 15. maí.

#### Samráðsnefnd háskólaráðs HÍ um kjaramál:

Fundir hafa verið haldnir reglulega í samráðsnefnd um kjaramál. Til umfjöllunar hefur m.a. verið eftirfarandi:

- Launakjör starfsfólks stjórnýslu og tenging við upptöku nýs starfsmatskerfis, HERA. Vinna hefur átt sér stað hjá HÍ við að meta starfslýsingar inn í nýtt kerfi. Eftir á að tengja nýtt kerfi við röðun í launatöflu
- Launakjör doktorsnema. Fh hefur óskað eftir greiningum á kjörum og réttindum þeirra.
- Fh hefur kallað eftir samræmdum reglum á greiðslum félagsfólks við vinnu á Háskóladeginum.
- Fh hefur óskað eftir því að formlegar og aðgengilegar verklagsreglur verði settar s.s. í veikindarétti nýdoktora og nema, samspil 49% starfs og töku lífeyris hjá akademísku starfsfólki við starfsskyldur og hlutaveikindi í tengslum við kennslu (deilitala).
- Umræður hafa verið um starfheitið nýdoktor og nýjar reglur Háskólans um starfsheitið samþykktar í byrjun árs.
- Fh hefur kallað eftir könnun um styttingu vinnuvikunnar fyrir starfsfólk stjórnýslu sbr. ákvæði í kjarasamningi er rann úr gildi 31. mars 2023. Í nóvember 2023 kynnti Samráðsnefnd fulltrúum félagsins niðurstöður könnunar þar sem m.a. var spurt um viðhorf til útfærslu skólans á styttingu vinnuvikunnar. Þar kemur meðal annars fram að 2/3 félagsmanna eru sátt við þá útfærslu sem farið var í. Þá kemur einnig fram að stytting vinnuvikunnar hefur haft jákvæð áhrif á starfsfólk á öllum þáttum sem spurt var um. m.a. starfsánægju og samþættingu vinnu og einkalífs.
- Fh óskaði eftir viðræðum um samruna Raunvísindastofnunar og HÍ og samanburð stofnanasamninga stofnanna. Sérstök bókun var gerð í heildarendurskoðun stofnanasamnings vegna þessa. Ekki hefur fundist lausn á Rannsóknamisseri sérfræðinga er áður störfuðu hjá Raunvísindastofnunar.
- Fh hefur lagt áherslu á að aðlaga reglur vinnumatssjóð við núverandi verklag á greiðslum stiga. Því verkefni lauk á vormánuðum 2024.
- Fh hefur ítrekað óskað eftir umræðum og ákvörðunum um upphæð samgöngustyrkja og greiðslur vegna notkunar síma starfsfólks við vinnu sína.
- HÍ hefur óskað eftir því að ræða skilgreiningu á starfsheitinu „aðstoðarkennari“ sem var nýtt í stofnanasamningi og gera bókun þess efnis í stofnanasamningi.

Háskólinn hefur boðað breytingar á fyrirkomulagi fæðisfés og matarmiða. Í stað þess að greiða fæðisfé eða veita aðgang að matarmiðum þá stefnir Háskólinn í að fella niður fæðisfé og matarmiða og fjármagna þess í stað afslætti gegn framvísun korts í Hámu og e.t.v. fleiri stöðum í framtíðinni. Félag háskólakennara hefur mótmælt þessum fyrirætlunum.

#### Samstarfsnefnd Fh og Árnastofnunar

Þann 20. mars sl. var endurnýjaður stofnanasamningur milli félagsins og Árnastofnunar. Breytingar sem átt höfðu sér stað í stofnanasamningi Fh og HÍ höfðu einnig áhrif á röðun akademískra starfsmanna Árnastofnunar. Þá var greitt úr óleystum málefnum frá endurskoðun stofnanasamnings aðila frá 15. júní 2024.

### Kennsluyfirvinna.

Á aðalfundi félagsins þann 11. maí 2023, var samþykkt að fela stjórn að fá lögfræðilít á lögmæti ákvæðis í stofnanasamningi um kennsluyfirvinnu (0,615% í stað 1,0385%). Erindi þess efnis ásamt fylgigögnum var sent til lögmanns BHM þann 1. sept. 2023. Svar barst við erindinu þann 23. janúar 2024. Niðurlag álitsins er eftirfarandi:

„Spurningin sem þetta minnisblað fjallar um er sem fyrr segir þessi:  
*Er heimilt á grundvelli ákvæða stofnanasamnings að greiða fyrir kennsluyfirvinnu á lægri taxa en kveðið er á um í kjarasamningi að greiða skuli fyrir yfirvinnu?*

Fram hefur komið að spurninguna mætti einnig orða svo:  
*Er aðilum heimilt í stofnanasamningi að semja um lægri taxa fyrir kennsluyfirvinnu en kveðið er á um í kjarasamningi að greiða skuli fyrir yfirvinnu?*

*Spurningunni verður að mati undirritaðs svarað játandi. Að mati undirritaðs er samningsaðilum heimilt að semja um það í stofnanasamningi að tiltekin yfirvinna skuli greidd á öðrum taxa en þeim hefðbundna yfirvinnutaxta sem fjallað er um í miðlægum kjarasamningi. Sér í lagi þegar haft er í huga að ekki er um að ræða hefðbundna yfirvinnu sem unnin er utan dagvinnuskila eða á frídegi eins og fjallað er um í kafla 2.3 í kjarasamningi heldur vinnu sem í gildandi stofnanasamningi kallast „kennsla umfram starfsskyldur“ en er þó einnig vísað til sem yfirvinnu, og er heimild til að kenna tímabundið, í samráði við yfirmann, umfram kennsluskyldu og flytja (kennslu)yfirvinnu á milli ára. Þannig er hefðbundin yfirvinna ólík kennsluyfirvinnu að mörgu eða flestu leyti.*

*Undirrituðum er ekki kunnugt um að á það hafi reynt fyrir Félagsdómi eða almennum dómstólum hvort ákvæði stofnanasamnings, sem samningsaðilar eru sammála um og er ágreiningslaust þeirra á milli, teljist brjóta gegn ákvæðum kjarasamnings. Þegar slíkur ágreiningur er til úrlausnar dómstóla er nær alltaf um að ræða mismunandi túlkun samningsaðila á orðalagi eða tilvik þar sem aðili telur sig einhverra hluta vegna ekki þurfa að fara eftir ákvæðum samnings. Í þessu tilviki virðist ekki um neitt slíkt að ræða. Félag háskólakennara og Háskóli Íslands sömdu fyrir meira en 20 árum síðan um tiltekið verklag vegna s.k. kennsluyfirvinnu. Fól verklagið í sér að heimilt var að vinna tiltekinn fjölda kennsluyfirvinnustunda og fór fjöldinn lækkandi eftir því sem röðun í launaflokka var hærrí. Fyrir þessa kennsluyfirvinnu skyldi greiðast dagvinnutaxti launaflokkar viðkomandi með 10% álagi en þó aldrei hærrí fjárhæð en yfirvinnutaxti skv. tilteknum launaflokki. Til ársins 2005 var samið um þessa kennsluyfirvinnu í miðlægum kjarasamningi þegar gerður var sameiginlegur miðlægur kjarasamningur í nafni Bandalags háskólamanna. Þá féllu brott ýmis sérákvæði aðildarféлага og voru annað hvort færð í sérstakan viðauka eða í stofnanasamninga. Við þetta tilefni féll brott þágildandi greinar 1.5.5, 1.5.6 og 1.5.7 og með fylgdi bókun að þessar sértæku greinar sem féllu brott yrðu felldar inn í stofnanasamning.*

*Að framangreindu virtu á undirritaður erfitt með að sjá að dómstóll teldi þetta fyrirkomulag sem hefur verið verið lýði í meira en 20 ár brjóta gegn réttindum starfsfólks. Fær þar engu breytt að mati undirritaðs að aðeins sé um þetta fyrirkomulag kveðið í stofnanasamningi enda ekki um að ræða hefðbundna*

*yfirvinnu eins og þá sem fjallað er um í miðlægum kjarasamningi. Gildir enda áfram sú regla úr miðlægum kjarasamningi að tímakaup í yfirvinnu er 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi sbr. gr. 2.5.1 í gildandi stofnanasamningi.“*

#### Ályktanir/umsagnir:

Félag háskólakennara sendi umsögn þann 10. nóvember vegna reglna um fjárframlög til háskóla (reiknilíkan), mál nr. 192/2023.

Þann 10. janúar 2024 gerði stjórn félagsins ályktun vegna tillögu fjármálanefndar til háskólaráðs um að leggja niður greiðslur í Sáttmálasjóð. Niðurlag ályktunarinnar er eftirfarandi:

*„Félag háskólakennara mótmæli því einhliða niðurfellingu Sáttmálasjóðs og ítrekar að breytingar til skerðingar á réttindum úr sáttmálasjóði verði gerðar án samráðs við stéttarfélag þess starfsfólks sem rétt hefurá greiðslum úr sjóðnum.“*

Á aðalfundi félagsins þann 11. maí 2023 var gerð eftirfarandi ályktun: *„Aðalfundur Félags háskólakennara 11. maí 2023 ályktar að öllu akademísku starfsfólki skuli standa til boða einkaskrifstofur sem tryggja gott næði fyrir gagnagreiningu, ritstörf, kennslu og meðferð viðkvæmra upplýsinga. Háskóli Íslands skal taka til fullra varna gegn stjórnvöldum fari þau fram á að vinnuaðstaða starfsfólks sé skert, enda gangi stofnunin út frá því að hún sé sjálfráða um tilhögun húsnæðis síns, þar sem Háskólaráð fer með fyrirvar með 60% hluta í Fasteignum Háskóla Íslands ehf.,“*

Ályktunin var send á félagsmenn, háskólaráð og birt á heimasíðu félagsins.

#### Vinnumatssjóður nýdoktora:

Greiðslur til nýdoktora vegna vinnumats voru skertar í samræmi við 2. gr. reglna sjóðsins en ákvæði þeirrar greinar er í ósamræmi við 5. grein sömu reglna. Félagið vakti athygli á þessu ósamræmi við stjórn Háskólans og nú í desember ákvað skólinn að falla frá þessum skerðingum og var því greitt fyrir rannsóknastig nýdoktora á sama verðgildi og rannsóknastig annara hópa við skólann.

#### Sjóður um rannsóknamisseri sérfræðinga á stofnunum tengdum Háskóla Íslands:

Í tæpa þrjú áratugi hefur verið starfræktur sjóður til að kosta rannsóknamisseri sérfræðinga á stofnunum tengdum Háskóla Íslands, þ.e. Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, Raunvísindastofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni. Mennta- og menningarráðuneytið stóð straum af kostnaði vegna sjóðsins en nú er sú staða komin upp að ofangreindar stofnanir tilheyra ekki lengur sama ráðuneyti. Þeim skilaboðum hefur verið komið á framfæri að ætlast sé til að stofnanir standi straum af þessum kostnaði með föstum fjárveitingum. Félagið hefur fundað með hlutaðeigandi stofnunum og Samráðsnefnd háskólans en lausn hefur ekki fundist á málinu.

#### Húsnæðismál félagsins:

Félaginu barst tilkynning frá HÍ í byrjun haustsins 2022 um að til standi að breyta núverandi skrifstofuhúsnæði félagsins, vegna framkvæmda á húsnæði Hótel Sögu. Á stjórnarfundum í mars 2023 var ákveðið var að þiggja boð BHM um að félagið verði með í þarfagreiningu á nýju húsnæði BHM. Síðastliðið haust tók félagið á tímabundna leigu skrifstofu í Grósku, meðan leitað var framtíðarlausna á húsnæðismálum. Síðla hausts gafst Félagi háskólakennara kostur á að taka á leigu húsnæði á 2. hæð Borgartúns 27 með 10 öðrum aðildarfélögum BHM. Félagið er nú með skrifstofu þar.

### Erlent samstarf

Á árinu 2023 var komið að Íslandi að vera gestgjafi á árlegum fundi norrænna systursamtaka. Félag háskólakennara og Félag prófessora við ríkisháskóla héldu fundinn í sameiningu, dagana 12. – 14 júní 2023. Fundurinn var haldinn á Hótel Örk í Hveragerði og voru alls um 35 þátttakendur frá Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi auk Íslands. Fundurinn byrjaði með heimsókn á Bessastaði þar sem forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, bauð gesti velkomna og sagði frá sögu staðarins og hússins.

Auk hefðbundinna umræðna um laun, samningamál, réttindi og akademískt frelsi fengu erlendu þátttakendurnar m.a. kynningu á matskerfi opinberu háskólanna og Matthew Whelpton prófessor hélt góðan fyrirlestur um „Quality in Higher Education at a Time of Technological Disruption. Þá var rætt um opinn vinnurými og hvert félag sagði frá því helsta sem hefur verið á þeirra borðum frá síðasta fundi í Danmörku árið 2022. Settur var á fót vinnuhópur um akademískt frelsi sem Ármann Höskuldsson situr í fyrir hönd félagsins.

Háskólabing 17. janúar 2024 og 17. apríl 2024: Arngrímur Vídalín sat þingin fyrir hönd Félags háskólakennara.

### **BHM**

Félag háskólakennara er fjórða fjölmennasta aðildarfélag bandalagsins og tekur virkan þátt í störfum þess og á eftirfarandi fulltrúa í stjórnnum og nefndum:

Stjórn BHM: Íris Davíðsdóttir ritari Fh situr í Framkvæmdastjórn BHM.

Formannaráðsfundir BHM: Baldvin Zarióh formaður, situr í formannaráði BHM. Íris Davíðsdóttir situr einnig fundina vegna stjórnarsetu í BHM.

Jafnréttisnefnd BHM: Baldvin Zarióh formaður, situr í jafnréttisnefnd BHM.

Framboðsnefnd BHM: Ármann Höskuldsson er varamaður í framboðsnefnd BHM.

Kjörstjórn BHM: Baldvin Zarióh er varamaður í kjörstjórn BHM.

Nefnd um innri málefni BHM: Baldvin Zarióh formaður, hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar á starfsárinu.

Samninganefnd félagsins og framkvæmdastjóri hafa tekið þátt í undirbúningi kjarasamningsgerðar með aðildarfélögum BHM á starfsárinu.

### **Málefni einstakra félagsmanna**

Á skrifstofu félagsins leita fjölmargir félagsmenn með ýmis mál sem þeir óska eftir aðstoð við að fá úrlausn á. Vel hefur gengið að leysa úr erindum félagsmanna á liðnu starfsári og skrifstofa félagsins vill hvetja félagsmenn að hika ekki við að hafa samband ef eitthvað bjátar á í kjara- og/eða réttindamálum eða ef upplýsinga er þörf.

### **LOKAORÐ:**

*Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra er þakkað fyrir afskaplega gott samstarf á liðandi starfsári. Við viljum líka nota tækifærið og þakka Félagi Prófessora við ríkisháskóla og Félagi háskólakennara á Akureyri fyrir mjög gott samstarf á árinu*





## Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara (SFH)

Stjórn Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara starfsárið 2023 - 2024 skipuðu eftirfarandi:

Fulltrúar Félags háskólakennara:

Íris Davíðsdóttir rekstrarstjóri, formaður.

Jens Guðmundur Hjörleifsson lektor.

Fulltrúar Háskóla Íslands:

Pórana Dietz mannauðsstjóri Heilbrigðisvísindasviðs.

Guðrún Margrét Eysteindóttir lögfræðingur á Mannauðssviði.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Helga Birna Ingimundardóttir.

Alls voru haldnir 11 fundir formlegir stjórnarfundir og tveir vinnufundir stjórnar á starfsárinu.

### Kynningarmál:

Stjórn sjóðsins leggur mikla áherslu á að kynna sjóðinn vel fyrir félagsfólki. Í apríl sl. var m.a. boðið upp á rafræna kynningarfundir meðal félagsfólks.

Þá var öllum dósentum sendur tölvupóstur þar sem vakin var athygli á því að réttindi úr SFH falla niður með framgangi í starf prófessors.

### Tölulegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins á árunum 2017 til 2023 má sjá í eftirfarandi töflum:

	2023	2022	2021	2020	2019	2018	2017
<b>Fjöldi umsókna</b>	<b>496</b>	<b>499</b>	<b>190</b>	<b>138</b>	<b>275</b>	<b>214</b>	<b>107</b>
Samþykktar umsóknir	478	480	181	132	258	200	97
Ósamþykktar eða hætt við umsóknir	18	19	9	6	17	14	10
Styrkir sem greitt er fyrir:							
<b>Skólagjöld</b>	10%	14%	31%	32%	14%	17%	26%
Námskeiðsgjöld	6%	12%	35%	35%	9%	11%	12%
Ráðstefnugjöld	20%	20%	8%	10%	21%	20%	5%
Rannsóknamisseri	2%	2%	2%	0	0	0%	2%
Kostnaður við flug	30%	25%	9%	11%	29%	27%	28%
Kostnaður við akstur	2%	2%	2%	0,50%	2%	1%	2%
Kostnaður við hótél	30%	25%	13%	11,50%	25%	24%	25%
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%
<b>Greiddir styrkir einstaklingar kr.</b>	78.581.686	67.452.964	19.502.047	16.113.637	34.497.513	21.847.214	11.119.260
<b>Greiddir styrkir stofnanir (HÍ) kr.</b>	4.462.152	5.734.000	1.118.520	0	0	0	0
<b>Alls greiddir styrkir kr.</b>	<b>83.043.839</b>	<b>73.186.964</b>	<b>20.620.297</b>	<b>16.113.637</b>	<b>34.497.513</b>	<b>21.847.214</b>	<b>11.119.260</b>

**Greiddir styrkir eftir stofnunum og starfsheitum:**

	<b>2023</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
<b>HÍ</b>	91%	93%	93%	96%	91%	94%	90%
<b>Akademískir</b>	41%	38%	25%	26%	48%	48%	43%
<b>Stjórnsýsla</b>	35%	31%	29%	44%	30%	34%	32%
<b>aðrir</b>	24%	31%	46%	52%	22%	18%	23%
<b>Landsbókasafn- háskólabókasafn, Keldur og Árnastofnun</b>	9%	7%	7%	4%	9%	6%	10%